

## AUGLÝSING

### um breytingu á fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 301/1992.

1. gr.

Í fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, IV. kafla, breytist 10. gr., um réttarhöld og meðferð óskilafjár og verður svohljóðandi: Skilaréttir í hreppnum skulu vera á þeim stöðum sem hér segir; Króksfjarðarnesi, Kinnastöðum og Múla í Kollafirði.

2. gr.

Breyting þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*